



Kópavogur, 9.febrúar 2026.
Málsnr. 2601003/PBG

Efni: Umsögn Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu við tillögu til þingsályktunar um samgönguáætlun fyrir árin 2026-2040 ásamt fimm ára aðgerðaáætlun fyrir árin 2026–2030, 322. mál.

Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (SSH) vilja með umsögn þessari um ofangreinda tillögu leggja sérstaka áherslu á eftirfarandi þætti:

1. Samgöngusáttmálinn

Í tillögu til þingsályktunar um samgönguáætlun er gerð grein fyrir Samgöngusáttmála höfuðborgarsvæðisins á bls. 102 til 103 og framkvæmdatöflu hans á bls 104. Eins og kemur þar fram hefur verið „unnið að verkefnum samgöngusáttmála í samvinnu ríkis og sveitarfélaga frá undirritun hans í september 2019. Með sáttmálanum sameinuðust ríki og sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu um framtíðarsýn og markmið fyrir samgöngur á svæðinu. Á grunni laga nr. 81/2020 var í október 2020 stofnað opinbert hlutafélag um framkvæmdirnar, Betri samgöngur ohf., sem er í sameiginlegri eigu ríkis og sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu. Mikilvægar framkvæmdir hafa þegar klárast, svo sem á Reykjanesbraut í Hafnarfirði, Suðurlandsvegi milli Vesturlandsvegjar og Hádegismóa og á Vesturlandsvegi í Mosfellsbæ. Þá hafa verið lagðir 20 km af göngu- og hjólastígum. Samfélagslegur ábati samgöngusáttmála er metinn um 1.140 milljarður kr. (á verðlagi 2023) til 50 ára, en heildarfjárfesting er áætluð 311 milljarðar kr. Hlutfall af heildarfjárfestingu til 2040 er áætlað 42% í stofnvegi, 42% í innviði Borgarlínu, 13% í uppbyggingu hjóla- og göngustíga og 3% í umferðarstýringu, flæði og öryggi. Samgöngusáttmáli höfuðborgarsvæðisins var uppfærður í ágúst 2024. Tilfni uppfærslu samgöngusáttmálans voru breytingar á kostnaðaráætlunum til hækkunar og röskun á framkvæmdaáætlun hans, mikilvægi þess að ákveða rekstrarform nýs kerfis almenningssamgangna sem og innviða og þörf fyrir mörkun og skilgreiningu framkvæmda þannig að fyrir lægi hvaða þættir einstakra framkvæmda væru greiddir af samgöngusáttmálanum og hverjir ekki. Við uppfærslu framkvæmdatöflu fyrir samgöngusáttmálann var einkum litið til markmiðs sáttmálans og eigenda hans, hönnunar, áætlanagerðar, skipulags- og matsferlis, framkvæmdatíma og samþættingar verkefna, fjármögnunar, fjárflæðis og afkastagetu hins opinbera og ráðgjafa- og verktakamarkaðar“.

Er því fagnað að samkomulagi ríkis og sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu séu gerð góð skil í samgönguáætluninni og samkvæmt uppfærðum samgöngusáttmála.

✓ **Fjármögnun.**

Samkvæmt samgönguáætluninni eru bein framlög til samgöngusáttmálans (Betri Samgangna ohf) samkvæmt fjárstreymisáætlun uppfærðs samgöngusáttmála¹ sem og framkvæmdaáætlun Samgöngusáttmálans.

2. Önnur mikilvæg verkefni á höfuðborgarsvæðinu.

✓ **Skálafellsvegur**

Aðildarfélög SSH áætla uppbyggingu á skíðasvæðinu í Skálafelli á næstu árum. Núverandi aðkomuvegur frá Þingvallavegi er um 3,5 km að lengd og er í umsjón Vegagerðarinnar. Hann telst ófullnægjandi í mörgu tilliti þ.m.t. breidd, umferðaröryggi, burðargeta o.fl. Uppbygging í Skálafelli er óhugsandi án lagfæringa á aðkomuveginum. Samkvæmt upplýsingum frá Vegagerðinni var gert ráð fyrir fjármagni í lagfæringar á Skálafellsvegi í samgönguáætlun árið 2011-2022, á 3. tímabili sem náði til áranna 2019-2022. Samkvæmt

¹ Bls 14 – IV. FJÁRMÁL SAMGÖNGUÁTÆLUNAR – SUNDURLIÐUN ÚTGJALDA



upplýsingum frá Vegagerðinni er undirbúningur í gangi við ofangreint og vonir standa til þess að framkvæmdir komist brátt í gang.

✓ **Elliðavatnsvegur**

Elliðavatnsvegur, frá Kaldárselsvegi að Vífilstaðavegi er vegur í veghaldi Vegagerðarinnar. Kaldárselsvegur er í veghaldi Hafnarfjarðarbæjar og Vífilstaðavegur er í veghaldi Garðabæjar. Elliðavatnsvegur er því ekki hluti af samhangandi stofnvegakerfi Vegagerðarinnar á höfuðborgarsvæðinu. Í tengslum við breytingar á vegalögum árið 2007 féll Elliðavatnsvegur því ekki lengur undir skilgreiningu á stofnvegum á höfuðborgarsvæðinu og hefur því staðið til að skila honum til viðkomandi sveitarfélaga. Aftur á móti er ástand hans með þeim hætti (ástand og umferðaöryggi) að ekki hefur verið unnt að skila honum til sveitarfélaganna. Hefur í fyrri samgönguáætlun verið gert ráð fyrir því að endurbæta veginn þannig að sveitarfélögin gætu tekið við veghaldi hans. Samtöl hafa átt sér stað milli viðkomandi sveitarfélaga og Vegagerðarinnar um hvort og hvernig vegurinn gæti talist hluti af stofnvegakerfi höfuðborgarsvæðisins.

Í þeirri samgönguáætlun sem nú liggur fyrir er einungis gert ráð fyrir kostnaði við frumhönnun á umræddum vegi. Mikilvægt er að fjármagn verði strax sett í veginn, þannig að hægt sé að hefja framkvæmdir við þá kafla sem áriðandi er að laga og verða síðar að samhangandi fullbúnum vegi.

✓ **Bláfjallavegur**

SSH og Vegagerðin hafa átt í samstarfi um rýni á opnun Bláfjallavegar frá janúar 2023, sem felur í sér að unnið verði kostnaðarmat, hönnun og áhættumat vegna vatnsverndar. Jafnframt verði horft til hlutverks vegarins með hliðsjón af vara- og flóttaleiðum á höfuðborgarsvæðinu. Vegagerðin vann gróft kostnaðarmat í mars 2022 þar sem kom fram að endurgerð vegarins til að hann uppfyllti helstu kröfur kostaði 1.500–2.000 m. kr. Framkvæmdir á veginum eru ekki ráðgerðar í fyrirliggjandi samgönguáætlun.

SSH leggja mikla áherslu á framgöngu ofangreindra verkefni og að þau verði leidd til lykta.

3. Rekstur almenningssamgangna á höfuðborgarsvæðinu.

Samkvæmt Samgögnusáttmálanum og Samgönguáætlun mun ríkið koma með auknum hætti að fjármögnun og rekstri almenningssamgangna innan höfuðborgarsvæðisins. Þannig tekur ríkið ábyrgð sem nemur þriðjungi af nettórekstrarkostnaði. Þá mun ríkið veita framlög til orkuskipta í almenningssamgöngum og koma að stofnun sameiginlega félags sem ber ábyrgð á skipulagi og rekstri almenningssamgangna á höfuðborgarsvæðinu. Framangreint hefur hingað til gengið eftir og er nú nýtt félag að hefja starfsemi sína. Er því fangað.

Lokaorð

Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu vænta áframhaldandi góðs samstarfs við stjórnvöld um framgang samgöngusáttmálans og önnur þau verkefni sem upp hafa verið talin, enda mikilvægt að þau markmið sem sett hafa verið fram, nái fram að ganga m.a. með skýrri tilvísun í það efni sem tillaga að þingsályktun til samgönguáætlunar felur í sér.

Virðingarfyllt,

Páll Björgin Guðmundsson
Framkvæmdastjóri SSH